

Um sjóðinn

Markmið sjóðsins er að endurspegla samsetningu og ávöxtun OMX10CAP vísitölnunnar sem kauphöllin OMX Nordic Iceland reiknar. Sjóðurinn er þannig vísitölusjóður og er stýrt með óvirkum hætti, þar sem fjárfest er eingöngu í þeim hlutabréfum sem mynda vísitöluna OMX10CAP, í sömu hlutföllum og hún er samsett á hverjum tíma. Sjóðurinn er kauphallarsjóður (ETF) og eru viðskipti með hlutdeildarskírteini sjóðsins í kauphöllinni á Íslandi (eftirmarkaður) og er virk viðskiptavakt með hlutdeildarskírteinin. Beiðni um viðskipti í sjóðnum skal beint til verðbréfamiðlunar sem er aðili að íslensku kauphöllinni.


Allar frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í lykilupplýsingum og útboðslýsingu hans sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is

Eignasamsetning

Flokkur	Staða	Stefna
Hlutabréf í OMX10CAP-vísitölnunni	100,0%	100%
Reiðufé	0,0%	-


Stærstu útfendur

Marel hf.	29,8%
Arion banki hf.	16,4%
Kvika banki hf.	14,5%
Hagar hf.	7,6%
Icelandair Group hf	7,4%
Festi hf.	6,8%
Siminn hf	5,8%
Reitir fasteignafélag hf.	5,3%
Iceland Seafood International hf	3,5%
Vátryggingarfélag Íslands	2,8%



Árangur sjóðsins

Gengisþróun



Nafnávöxtun

Frá áramótum	30,39%
1 ár	64,09%
2 ár*	32,36%
3 ár*	24,73%
4 ár*	16,25%
5 ár*	13,29%

* Meðaltal nafnávöxtunar á ársgrundvelli

Áhætta

Markaðsáhætta er sú áhætta sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhhættu falla gengis-, og vaxtaáhætta sem felast í því að gengi verðbréfa og breytingar á markaðsvöxtum getur sveiflast með ófyrirsjáanlegum hætti og þannig haft áhrif á ávöxtun í sjóðnum.

Áhætta tengd smæð markaðar er til staðar í sjóðnum. Viðskipti með verðbréf á íslenskum verðbréfamarkaði eru oft fá og því getur verðmyndun verið ógagnsæ.

Áhætta tengd vísitölu er í sjóðnum þar sem að aðeins er fjárfest í hlutabréfum sem mynda vísitöluna OMX10CAP eins og hún er samsett á hverjum tíma.

Lausafjáraáhætta er til staðar í sjóðnum þar sem sú staða gæti komið upp að eign seljist ekki tímanlega á ásettánlegu verði.

Uppgjörsáhætta er til staðar í sjóðnum ef mótaðili greiðir ekki eða afhendir á réttum tíma.

Vörsluáhætta er til staðar í sjóðnum þar sem eignir í vörslu geta tapast vegna vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila.

Frekari upplýsingar um áhættu í sjóðnum má finna í útboðslýsingu hans

Almennar upplýsingar

Kennitala:	681212-9300
Stofndagur:	10.4.2013
Grunnmynt:	ISK
Rekstrarfélag	Landsbréf hf.
Vörslufélag:	Landsbankinn hf.
Söluaðili á frummarkaði:	Landsbankinn hf.
Söluaðilar á eftirmarkaði:	Verðbréfamiðlun sem er aðili að íslensku kauphöllinni.
Sjóðsform:	Kauphallarsjóður (UCITS ETF)
Umsýsluþóknun:	0,50%
Auðkenni í kauphöll:	LEQ IR
LEI númer:	549300DQ9BZKQBS0XT28
Sjóðstjórar:	Egill Darri Brynjólfsson
	Halldór Kristinsson
Framkv.stj. Landsbréfa hf.:	Helgi Þór Arason

Fjárfestar greiða verðbréfamiðlun sinni þóknun fyrir kaup og sölu á hlutdeildarskírteinum, líkt og fyrir önnur verðbréfavíðskipti. Hagkvæmast er að kaupa og selja hlutdeildarskírteini með atbeina verðbréfamiðlunar (á eftirmarkaði) fremur en að kaupa beint af sjóðnum eða innleysa í honum, þar sem við slík frumviðskipti fellur til kostnaður sem á ekki við um viðskipti á eftirmarkaði.

Viðskiptapantanir

Afgreiðslutími:	09:30 - 15:30
Lágmarkskaup á eftirmarkaði:	1.000 kr.
Þóknun við kaup/sölu:	Skv. gjaldskrá viðkomandi verðbréfamiðlunar.
Áskriftarmöguleiki:	Nei
Uppgjörstími:	2 bankadagar

Tölulegar upplýsingar

Hrein eign í milljónum ISK:	4.585,3
Gengi sjóðsins:	2.839,22
Áhættumælikvarði*	6/7
Ávöxtunarviðmið:	OMX10CAP

*Áhættukvarði er mælikvarði á sveiflur í verðmæti eigna sjóðsins. Kvarðinn byggir á mælingum á vikulegum verðsveiflum síðustu 5 ára. Því hærra sem sjóður mælist á kvarðanum, því meiri sveiflur hafa verið í verðmæti eigna hans. Lægsta áhættuflokkunin merkir ekki „áhættulaus“. Áhættuflokkunin er ekki tryggð og gæti breyst.

Hafðu samband

Verðbréfa- og lífeyrisþjónusta Landsbankans
Borgartúni 33, 155 Reykjavík
Sími: 410 4040
www.landsbankinn.is www.landsbref.is

Skattalegar upplýsingar

Tekjur af hlutdeildarskírteinum eru skilgreindar sem vaxtatekjur skv. 8. gr. l. nr. 90/2003 um tekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur staðgreiðist af hagnaði þegar hlutdeildarskírteini eru innleyst. Skatthlutfall þetta er nú 22%. Nánari upplýsingar um skattamál er að finna á vef Landsbréfa og í útboðslýsingu sjóðsins.

Sjóðurinn er verðbréfasjóður (UCITS), starfræktur í samræmi við lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Sjóðurinn er rekin af Landsbréfum hf., sem er með starfsleyfi sem rekstraraðili verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Landsbankinn hf. er vörsluaðili sjóðsins. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað vegna verðbreytinga á eignum sjóðanna og vegna gengisflöktis gjaldmiðla þegar eignir sjóða eru í erlendum gjaldmiðlum. Ávöxtun í fortíð getur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur. Fjárfestum er bent á að kynna sér vel lykilupplýsingar og útboðslýsingu sjóða áður en fjárfest er í þeim. Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsins er virði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum sjóðsins, s.s. ógreiddri umsýslu, þóknunum og öðrum gjöldum